

Fundargerð 438

Fimmtudaginn 17. mars 2016 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Hótel Örk í Hveragerði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E Einarsson Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hinrik Gunnarsson, endurskoðandi (við dagskrárliði 1-3), Margrét Pétursdóttir endurskoðandi (við dagskrárliði 1-3) Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi (við dagskrárliði 1-3) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2015
3. Skýrsla innri endurskoðunar
4. ICAAP skýrsla (innra mat á eiginfjárbörf) fyrir Byggðastofnun – til kynningar
5. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Ný útlán 2015 – til kynningar
8. Byggðaaætlun – til upplýsingar
9. Ársfundur Byggðastofnunar – undirbúningur
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar. Athugasemd var gerð við orðalag 12. liðar um búvörusamning. Var breytingin og fundargerðin samþykkt og verður fundargerðin undirrituð á næsta fundi stjórnar.

2. Ársreikningur 2015

AP fór yfir helstu þætti í rekstri Byggðastofnunar á síðasta ári en gaf síðan HG endurskoðanda orðið. Fór hann yfir helstu liði í ársreikningi Byggðastofnunar 2015 og endurskoðunarskýrslu sína. Hagnaður var af rekstri Byggðastofnunar 2015 upp á 99 mkr. Eignir námu 14.417 mkr., skuldir voru 11.666 mkr. og eigið fé 2.751 mkr. Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 21,56%. MH upplýsti um auknar eiginfjárkröfur á öll fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið kynnti stofnuninni með bréfi 1. mars sl. Þýðir sú krafa samtals 3,5% eiginfjárauka fyrir Byggðastofnun frá og tekur hún gildi í áföngum, fyrst 1. janúar 2016 og til og með 1. mars 2017.

Formaður bar upp ársreikning fyrir árið 2015 og var hann samþykktur samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

3. Skýrsla innri endurskoðunar

MP fór yfir skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2015. Fór hún yfir helstu áherslur í endurskoðuninni og hvernig unnið hefði verið með athugasemdir og ábendingar sem komu fram í síðustu skýrslu innri endurskoðunar.

HG, MP og SÞS viku af fundi.

4. ICAAP skýrsla (innra mat á eiginfjárför) fyrir Byggðastofnun – til kynningar

MH fór yfir drög að ICAAP skýrslu Byggðastofnunar og kynnti tilgang hennar og hlutverk. Endanleg útgáfa verður lögð fyrir næsta fund stjórnar.

5. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun

AÞ og EGK fóru yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og stöðu rekstrar 29. febrúar sl.

AÞ upplýsti um gögn frá Hagstofu Íslands um þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum og landshlutum 2008-2015.

SJ spurðist fyrir um málefni Grímseyjar. Upplýsti AÞ um að viðræður milli Íslandsbanka og útgerða í eyjunni stæðu enn yfir.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 7/16, 2. mars 2016

EGK kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 8/16, 10. mars 2016

EGK kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

...

7. Ný útlán 2015

EGK kynnti yfirlit yfir ný útlán á árinu 2015. Samþykkt var að lána 3,1 milljarð á árinu 2015 í 84 verkefni og ný útborguð lán námu 1,6 milljarði. Mest var lánað í ferðapjónustu, eða 39% af fjölda samþykktra lánsúmsóknna og 40% af samþykktum lánsupphæðum. Flestar samþykktar úmsóknir voru frá Vestfjörðum en mest var lánað á Vesturlandi í upphæðum talið.

Meðal afgreiðslutími mála á árinu 2015 var 34 dagar. AÞ sagði að markmiðið ætti að vera að afgreiðslutími yrði ekki meiri en 30 dagar.

Spurt var út í fund með Bændasamtökunum vegna nýrra búvörusamninga. EGK upplýsti um að ekki hefði enn orðið af fundinum og líklega yrði hann ekki fyrr en eftir að búið væri að kjósa um samninginn.

8. Byggðaáætlun

AÞ sagði frá vinnu við Byggðaáætlun 2017-2023. Búið var að skipa verkefnisstjórn og í henni sitja fyrir hönd Byggðastofnunar formaður stjórnar, forstjóri og Karl Björnsson. Fyrirhugaðir eru fundir í landshlutunum og hvatti forstjóri stjórnarmenn til að reyna að mæta á þá fundi ef mögulegt væri.

9. Ársfundur Byggðastofnunar

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn í Miðgarði, Skagafirði, föstudaginn 15. apríl nk. Hefðbundinn stjórnarfundur verður um morguninn og verður ársfundurinn síðan haldinn kl. 13:00. Á fundinum verða hefðbundin ársfundarstörf og verður Landstólpinn einnig afhentur. Kynnt verða verkefni í gildandi byggðaáætlun og verkefni sem studd voru af Byggðarannsóknasjóði auk þess sem tilkynnt verður um veitingu styrkja úr sjóðnum.

10. Önnur mál

Húsnæðismál

SJ spurði um húsnæðismál Byggðastofnunar. Formaður sagðist hafa sent erindi til framkvæmdasýslu og spurst fyrir en fundur var áætlaður í síðustu viku.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 15. apríl nk. í Miðgarði í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45. Að loknum fundi var fundur með Gunnar Þorgeirssyni og Bjarna Guðmundssyni frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra Hveragerðisbæjar og að lokum heimsókn í verksmiðju Kjörís í Hveragerði.

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____